



Varðandi: Afmælisgjöf til FVA

Málsnúmer: 1709070

Dagsetning: 13. september 2017

TILLAGA:

Bæjarráð samþykkir að veita Fjölbautarskóla Akraness peningagjöf að fjárhæð kr. 500.000 í tilefni af 40 ára starfsafmæli stofnunarinnar.

GREINARGERÐ:

Fjölbautarskóli Vesturlands á 40 ára starfsafmæli þann 12. september 2017 en árið 1977 var gerður samningur milli Akraneskaupstaðar og menntamálaráðuneytisins um stofnun framhaldsskóla á Akranesi. Skólinn hlaut nafnið Fjölbautaskólinn á Akranesi og var settur í fyrsta skipti 12. september 1977.

Fyrsta veturnar voru 180 nemendur í framhaldsskólanámi en jafnframt annaðist skólinn kennslu 7. 8. og 9. bekkja grunnskóla. Níundi bekkurinn dvaldi lengst í Fjölbautaskólanum eða til vorsins 1986.

Fjölbautaskóli Vesturlands á Akranesi, FVA, var síðan stofnaður formlega 6. febrúar 1987 og stóðu þá 32 sveitarfélög að rekstri skólans ásamt menntamálaráðuneytinu.

FVA er mikilvægur hornsteinn í samféluginu á Akranesi. FVA hefur síðustu misseri unnið að endurnýjun á tölvubúnaði skólans og hafa tvær tölvustofur þegar verið endurnýjaðar. Eftir stendur endurnýjun á tölvuveri skólans sem allir nemendur skólans nýta.

Í tilefni af fjörutíu ára starfsafmæli skólans er lagt til að Akraneskaupstaður færi Fjölbautaskóla Vesturlands kr. 500 þúsund að gjöf til uppbyggingar á tölvuveri skólans.





Akraneskaupstaður

Með vísan til framanritaðs gerir bæjarstjóri ofangreinda tillögu.

